

4. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2015, haldinn 27. ágúst 2015 í leikskólanum kl. 17:00. 5. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Halldóra Halldórsdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkeldsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Sigfríð Lárusdóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Fjárhagsáætlun. Breyting vegna launa.**
- 3. Ytra mat leikskólans.**
- 4. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

- ❖ Breytingar urðu á starfsfólki. Erla Jóhannsdóttir sagði upp störfum, Elín Hannibalsdóttir er í launalausum leyfi þetta skólaárið og óskum við þeim velfarnaðar í nýjum verkefnum. Ingveldur Dagmar Halldórsdóttir er komin í launalaust leyfi í óákveðinn tíma Svava Kristjánsdóttir var ráðin í hennar stað. Unnur Þórsdóttir kemur til okkar tvo morgna í vetur og er Else Nielsen hennar stuðningur.
- ❖ Starfsfólkið raðast þannig í hús; á Skógarkoti er Gréta deildarstjóri og með henni starfa Jónína og Elma. Á Heiðarkoti er Freyja deildarstjóri og með henni starfar Heiða. Á Móakoti er Dís deildarstjóri og með henni starfar Sára. Hlíf leysir alla af í undirbúning, Svava er í eldhúsinu, Valdís sér um alla sérkennslu og fer á milli deilda og Halldóra er leikskólastjóri. Ræstitæknar eru Zuzana og Peter.
- ❖ Barnafjöldi nú í byrjun skólaárs er 28 börn og þrjú bætast svo við fram í október.
- ❖ Þrír starfsmenn munu stunda nám með vinnu í vetur. Elma og Sára í leikskólakennarafræðum og Halldóra í diplómu í stjórnun.
- ❖ Í sumarfríinu var gólfið í leikskólanum bónað og komumst við að því að þrifum á gólfunum var ábótavant, hafa ræstitæknar fengið áminningu og leiðbeiningu um úrbætur. Leiktækin voru máluð og hellulagt var en enn á eftir að klára hluta af hellulögninni. Það sem liggur fyrir nú er að skipta um sand í sandkassanum og setja loftun á útisalerni. Úttektaraðili frá heilbrigðisnefnd kom og ekki komu margar

athugasemdir en hækka þarf dekkjarólur töluvert og loftun á útisalerni er nauðsynleg. Úttektaraðili frá Brunavörnum Árnassýslu kom einnig og hafði lítið út á brunavarnir leikskólans að setja ☺

- ❖ Starfið hefur farið vel af stað þetta skólaár, starfsfólk og börn jákvætt og afslappað. Það er alltaf gaman að sjá hversu mikið börnin stækka og þroskast í sumarfríinu. Hann Helgi í Slakka bauð okkur í heimsókn og var heimsóknin í alla staði góð. Í næstu viku verða svo börn og starfsfólk á faraldsfæti í rífsberjaleiðangrum og svo verður sultað. Í annari viku af september byrjum við svo með faggreinastarf.

2. Fjárhagsáætlun. Breyting vegna launa.

Hækka þarf launalið um fjórar milljónir m.a. vegna starfsendurmats hjá FOSS og Bárunni.

3. Ytra mat leikskólans.

Kynnt var skýrsla sem unnin var á vegum Námsmatsstofnunar og fjallaði um niðurstöður ytra mats á leikskólanum Undralandi sem gert var sl. vetur.

Skólanefnd fagnar þessari skýrslu og mun bregðast við þeim ábendingum sem þar koma fram. Gera þarf umbótaáætlun fyrir 11. september og munu Halldóra Halldórsdóttir, leikskólastjóri, Helgi Jóhannesson, formaður skólanefndar og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri vinna að henni.

4. Önnur mál.

a) Vistun 12 mánaða barna.

Umsókn um undanþágu. Leikskólastjóri lagði fram 1 umsókn um undanþágu sbr. 6 gr. vistunarreglna leikskólans.

Skólanefnd samþykkir umsóknina.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 17:45

